



Fundargerð

365. fundur sveitarstjórnar Reykhólahrepps, aukafundur, föstudaginn 30. maí 2014 kl. 18.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið, Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mætt: Andrea Björnsdóttir (AB) oddviti, Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir (ÁSK), Eiríkur Kristjánsson (EK), Gústaf Jökull Ólafsson (GJÓ) og Sveinn Ragnarsson (SR). Einnig sat fundinn Ingibjörg Birna Erlingsdóttir (IBE) sveitarstjóri og ritaði fundargerð.

Fundargerð rituð í tölvu og er tvær blaðsíður.

Oddviti bauð fólk velkomið, setti fundinn og var spurt eftir öðrum málum á dagskrá, samþykkt að taka 3 mál á dagskrá undir liðnum önnur mál. Þá var gengið til dagskrár.

Dagskrá:

Mál til afgreiðslu

1. 1401013 – Ársreikningur sveitarfélagsins 2013, fyrri umræða.

Sveitarstjóri lagði fram ársreikning sveitarfélagsins og fyrirtækja þess og fór yfir helstu lykiltölur með sveitarstjórn.

Heildartekjur sveitarfélagsins námu 369 millj. kr á árinu 2013 en áætlun gerði ráð fyrir 334 millj. kr. Niðurstaða rekstrar er jákvæður um 19,3 millj. kr en áætlun gerði ráð fyrir 15 millj. kr. Veltufé frá rekstri er 35,9 millj. kr. en áætlun gerði ráð fyrir 23,8 millj. kr. Heildareignir í árslok nam 499,3 millj. kr. og eigið fé 317,7 millj. kr. Framlegðarhlutfall A hluta er nú 8,7% og hefur hækkað frá fyrra ári úr neikvæðum 0,6 % árið áður. Skuldaviðmið sveitarfélagsins er nú 38% var 46%. Annar rekstarkostnaður nam 47% af rekstartekjum árið 2010 nú 37%. Laun nema 53% svipað og árið 2011-2010.

Ársreikningi sveitarfélagsins 2013 vísað til seinni umræðu, samþykkt samhljóða.

Til kynningar

2. 1312003 – Endurskoðuð verndaráætlun fyrir Breiðafjörð, umsagnir um drög.

Erindi frá Breiðafjarðarnefnd dagsett 22. apríl 2014.

Kynnt.

Önnur mál (ef einhver), löglega upp borin:

3. 1304040 – Athafnasvæði í Flatey – úthlutun lóða.

SR lagði fram uppkast að endanlegri tillögu um vinnulag við úthlutun lóða á athafnasvæði í Flatey. Tillagan samþykkt samhljóða. Sveitarstjóri falið að koma tillögunni í hendur byggingafulltrúa.

4. 1405026 – Hellnafljótsflöt 201375, tilboð í sumahúsalóð.

Tilboð í auglýsta sumarhúsalóð í eigu sveitarfélagsins frá Bjarka Stefáni Jónssyni kt. 180767-3202. Tilboðið hljóðar upp á 150.000 kr. Sveitarstjórn samþykkir tilboðið.

5. 1405019 – Starfsmannamál.

Fyrir liggur að vefstjóri sveitafélagsins til nokkurra ára hefur sagt upp störfum hjá sveitarfélaginu. Sveitarstjórn vill koma á framfæri þakklæti til Hlyns Þórs Magnússonar fráfarandi vefstjóra fyrir vel unnin störf við stjórn vefsíðu sveitarfélagsins.

Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 19.40.

_____	_____
_____	_____
_____	_____